

Nr. 623

1586

8. desember 1995

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn­tollur kr. / kg
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	11.12.-31.12.	ótilgr.	0	470

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 624

7. desember 1995

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.**

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiðiferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum, að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslið, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

2. gr.

1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum, sem Fiskistofa leggur til. Skal skýrslum skilað fyrir hvert fiskveiðiár, en útgerðir fullvinnsluskipa skulu þó að lokinni hverri veiðiferð skila sérstakri skýrslu um afla.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði 1. gr. gildir um afla, sem landað er eftir 31. desember 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.